

og það skal eg enda, þótt eg viti tæpast, hvað þú kant að halda um mig á eftir. Því hvar sem eg hefi ennþá látið bæra á þeim tilfinningum, hefi eg mætt kulda og fyrirlitningu. En Árbór, yfirgefðu mig ekki líka, svo eg tapi ekki mínum elzta og einasta vini. Óttast ekki, eg hefi ekki drýgt glæp, að minsta kosti ekki það, sem eg get álitið glæp, þó það sé á ýmsra vörum.

Árbór, áður en eg get gjörst prestur, verð eg að lýsa því hátiðlega yfir, að eg trúi hiklaust öllum hinum kanónsku bókum gamla testamentisins. Og það get eg ekki. Því hvað þýðir það, að trúá þeim hiklaust? Það, að allar gjörðir, sem þar eru skráðar, sé góðar og allar kenningar sannar? Eru þá gjördar Lots eins góðar og Abrahams, og orð vina Jobs eins sönn og orð Elíasar spámanns? Eg býst við því, og að við eignum að trúá því líka, að allar bækurnar hafi verið skrifsaðar af ménntni undir innblásturs áhrifsum almáttugs guðs, vegna þess hann áleit þær góðar til uppfræðslu, að alt, sem sagt er í þeim bókum sem sannleikur, sé gullvægur sannleikur, og sálmana og spádómana hafi Heilagur Andi lesið mönnunum fyrir, um leið og þeir skrifuðu!

Eg ætla ekki að þreyta þig með öllum þeim vísindalegu, vitsmunalegu og heimspekilegu erviðleikum þessara kenninga, en þó get eg ekki sagt annað, en að eg hefi lítið eftirlæti á þessum vesalings voludu nútíðar hártogunum okkar, er við nefnum trúvarnarfræði, sem hrasar og heykist milli tveggja skoðana og svo, þegar í dauðann er komið, stingur höfðinu ofan í sandinn, svo hún skuli ekki sjá, það sem hún vill ekki sjá.

En væri það að eins skynsemi míni, sem ætti í vandræðum, gæti eg skólað til skynsemina, en öll tilvera míni rís öndverð móti slíkum kenningum. Eg get ekki, eg má ekki trúá því, að alréttlátur, almiskunsamur og algóður guð sé sú vera, sem þar er lýst og latin tala.

Hann, að hann hafi skapað menn til að falla, og lagt svo fyrir þá freustinguna, er hann vissi þeir mundu falla fyrir og síðan formælt þeim og öllum þeirra afkomendum og öllum heimi fyrir þeirra skuld; hann sé öfundsjúkur, heiftrækinn, stjórnlaus, hefnigjarn, hegni börnunum fyrir misgjörðir feðranna, freisti